




The International Association of Lions Clubs The Power of Peace Essay Contest 2010-2011

Aðþjóðleg ritgerðarsamkeppni Lions um FRIÐ 2010-2011
meðal blindra og sjónskertra ungmenna á aldrinum 11-13 ára:



Búum við frið!

Heimurinn býr við frið þegar allir hafa það gott og það er ekki strið neins staðar á jörðinni. Það er mjög mikilvægur þáttur í því að skapa frið, að hugsa um það að koma í veg fyrir strið.

Í striðum skapast mikil óvinátta milli fólks og fátækt verður ríkjandi. Algengt er að glæepamenn noti tækifærið og láta til skarar skrifða á meðan samfélög lamast vegna áhrifa striðs. Fullt af saklausu fólk verður fyrir skaða í leiðinni. Stríð enda samt oftast á því að allir verða vinir aftur, en það hefur komið fyrir að strið hafa verið ríkjandi milli borga eða landa áratugum saman.

Stríð er eitt af því skelfilegasta sem til er. Það skelfilegasta við strið er það að blásaklaus börn þurfa að þola að alast upp í öllu veseninu sem fylgir striði. Börn sem hafa alist upp í striði verða oft grimm og vond, en þó ekki öll. Stríð drepar ekki bara fólk, það gerir fólk hrætt og grimmt, og ef fólk verður líka grimmt við bömin sín þá eru komin ný kynslóð af grimmu og vondu fólk í heiminni.

Fólk getur líka búið til frið með því að vera gott hvert við annað og leyft öðrum að tjá skoðanir sínar í friði. Fólk verður að muna að það getur ekki alltaf bara hugsað um sjálft sig og sumir ættu að hugsa um hvað heimurinn væri ömurlegur ef allir hugsuðu eins.

Þegar allir lífa í friði er allt miklu betra í heiminum. Þá væru allir góðir við alla og allir fá að vera eins og þeir eru, í friði. Þá væri heimurinn æðislegur.

En því miður er þetta bara ekki þannig. Það er alltaf eitthvað fólk sem er með valdasýki, þarf að skipta sér af annarra manna málum, trú og skoðunum. Ef fólk vill búa við frið, þá ætti það fyrst og fremst að hugsa um það að standa saman, sýna hvort öðru umburðarlyndi, koma í veg fyrir óþarfa deilur, skipta sér ekki af hlutum sem kemur því ekki við og segja öðrum satt og rétt.

Ég trúi því að mankynið er gott, en það munu alltaf vera til rotin epli inná milli. Það er leiðinlegt að sjá hvað þessu fólk tekst að vera meira áberandi og oft komast í stöður sem gera þeim kleyft að eyðileggja fyrir þeim sem vilja búa við frið.

Ófriður þarf samt ekki alltaf að vera strið. Ófriður gæti jafnvel verið ósætti milli hjóna, einelti í skóla eða jafnvel deilur á heimilum um hvað ætti að horfa í sjónvarpinu.

Eins þarf friður ekkert endilega að vera milli þjóða. Það er t.d. líka mjög mikilvægt að það sé friður í samfélagi okkar barnanna. Ef að við, hin uppkomandi kynslóð lærum af mistökum forvera okkar, sýnum hvoru öðru umburðarlyndi og kærleik. Þá fyrst er von um frið, því við erum þau sem getum bætt það sem mankynið hefur gert sjálfu sér illt.

Við erum framtíðin og við erum vonin um frið!

Höfundur: Íva Marin Adrichem
Hofstaðaskóla, Garðabæ